



Orkustofnun gerir kunnugt

Í samræmi við 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, veitir Orkustofnun hér með Rio Tinto á Íslandi hf., kt. 680466-0179, Straumsvík, Hafnarfirði, hér eftir nefnt leyfishafi,

Nýtingarleyfi til töku grunnvatns á tilgreindu svæði við Straumsvík í Hafnarfirði

Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum svo og þeim skilmálum sem tilgreindir eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

1. gr.

Almennt

Leyfi þetta felur í sér heimild til handa leyfishafa til að nýta grunnvatn á tilgreindu svæði sem afmarkað er í 2. gr. leyfisins, sbr. og fylgiskjal 1, á leyfistímanum sem tilgreindur er í 3. gr. og í því magni og með þeim nýtingarhraða sem tilgreindur er í 4. gr.

2. gr.

Staðarmörk svæðis

Leyfið tekur til afmarkaðs svæðis á lóð leyfishafa sunnan Reykjanesbrautar við Straumsvík, Hafnarfirði, sem er nánar afmarkað af hnítum og korti í fylgiskjali 1 með leyfi þessu og sem telst hluti leyfisins.

3. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá útgáfudegi til 31. október 2054.

4. gr.

Magn, nýtingarhraði og tillit til annarrar nýtingar

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt að nýta allt að 770 l/s af fersku grunnvatni með seltu allt að 0,4‰, á tilgreindu leyfissvæði, sbr. 2. gr. Meðalnýting yfir árið skal ekki vera meiri en sem samsvarar 450 l/s.

Leyfishafa ber að haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið og gæta þess taka ekki meira vatn en þörf er á til starfseminnar. Hann skal við framkvæmdir og nýtingu á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni nýtingarsvæðisins.

5. gr.

Umhverfis- og öryggissjónarmið

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um vernd nýtingarsvæðis gilda, auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, sem og önnur lög sem varða nýtingu lands. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi sinni um nýtingarsvæðið og skulu mannvirki öll vera þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eignum og lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfið undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í öðrum lögum sem starfsemin fellur undir, þ.á m. og eftir því sem við á, sem tilgreind eru í 11. gr. leyfisins.

Leyfishafi skal gæta þess að framkvæmdir og nýting hafi ekki skaðleg áhrif á grunnvatnsauðlindina. Sérstaklega ber að gæta að því að jarðsjór blandist ekki við ofanálíggjandi ferskvatnslinsu umfram skilgreind öryggismörk, sbr. 1. mgr. 4. gr. og viðmið sem setja skal í vöktunaráætlun skv. 7. gr.

6. gr.

Frágangur starfsstöðva og svæðis

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun jarðrænna auðlinda á svæðinu. Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi loka þeim og merkja.

7. gr.

Eftirlit og vöktun

Orkustofnun hefur, samkvæmt IX. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Orkustofnun hefur samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi skal viðhalda virku innra eftirliti með framkvæmd leyfis. Halda ber skrár um magn (m^3), nýtingarhraða (l/s) og seltuhlutfall þess grunnvatns sem er tekið og nýtt. Þá ber leyfishafa að vakta áhrif nýtingarinnar á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist upp í ferskvatnslinsuna.

Eigi síðar en 15. janúar 2025 skal leyfishafi skila til Orkustofnunar til samþykktar áætlun um tíðni og fyrirkomulag innra eftirlits, og vöktun á áhrifum nýtingar. Eftirlits- og vöktunaráætlunin skal endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2029 og síðan á fimm ára fresti á leyfistímanum, eða ef leyfishafi óskar þess.

Komi til nýtingar fleiri aðila á sama svæði, getur Orkustofnun jafnframt gert kröfu um að leyfishafar skili sameiginlegri vöktunaráætlun og keyrslu grunnvatnslíkans er sýni áhrif nýtingarinnar á grunnvatn.

Mælist selta út fyrir leyfileg mörk útgilda, sbr. 1. mgr. 4. gr., eða ef uppfærðir líkanreikningar eða gögn gefa til kynna að óbreytt vinnsla leiði til þess að umhverfismarkmið skv. lögum um stjórn vatnamála muni ekki nást, ber leyfishafa að skila til Orkustofnunar tillögum að aðgerðaáætlun sem tryggi viðhald góðrar magnstöðu og góðs efnafræðilegs ástands grunnvatns.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar í samræmi við gjaldskrá þar að lútandi. Miðað er við virkt innra eftirlit leyfishafa og skil á gögnum til Orkustofnunar á stafrænu formi. Eftirlitskostnaður verður þó aðeins innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlagðs kostnaðar.

Samkvæmt 22. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eru fyrirhugaðar boranir tilkynningaskyldar til Orkustofnunar á því formi sem stofnunin tilgreinir hverju sinni.

8. gr.

Upplýsingaskylda og meðferð upplýsinga

Leyfishafi skal eigi síðar en 15. febrúar ár hvert senda Orkustofnun skýrslu, þar sem fram koma upplýsingar um upptöku og nýtingu auðlindar og aðrar upplýsingar sem gefa til kynna stöðu og ástand auðlindar skv. eftirlits- og vöktunaráætlun leyfishafa. Um skil á gögnum til Orkustofnunar skal fylgja leiðbeiningum Orkustofnunar sem eru í gildi á hverjum tíma.

Heimilt er að gera skilaskyld gögn opinber og aðgengileg 5 árum frá gerð þeirra í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar. Telji leyfishafi, vegna viðskiptahagsmuna eða samkeppnissjónarmiða, mikilvægt að framlengja trúnaði yfir ákveðnum upplýsingum getur leyfishafi óskað þess við Orkustofnun til 5 ára í senn, gegn rökstuðningi.

9. gr.

Skaðabótaskylda og vátryggingar

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns er kann að hljóta af starfsemi hans almennt.

10. gr.

Framsal

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

11. gr.

Umhverfismat, skipulag og starfsleyfi

Framkvæmdir og rekstur á nýtingarsvæðinu kunna, eftir atvikum, að vera háðar umhverfismati, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, nr. 111/2021.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulagslög nr. 123/2010, og geta, eftir atvikum, verið háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. reglugerð, nr. 772/2012.

Leyfishafi skal tryggja að framkvæmdir og starfsemi samkvæmt leyfi þessu séu í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, nr. 550/2018.

Nýtingarleyfi þetta er háð því að farið hafi verið að framangreindum lögum áður en fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur á svæðinu hefjast.

12. gr.

Afturköllun og endurskoðun

Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa, eða samningum sem tengjast leyfinu, skal hann veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal Orkustofnun afturkalla leyfið sbr. 20. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Ef sýnt verður fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki, er í sérstökum tilvikum heimilt að taka leyfið til endurskoðunar eða sett ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

13. gr.

Leyfisgjald

Leyfishafi skal greiða kr. 58.000 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 1. nóvember 2024

Kristján Geirsson
orkumálastjóri
rafræn undirritun

Einnig fylgir leyfinu eftirfarandi og telst hluti þess:

Fylgiskjal 1. Kort af nýtingarsvæði ásamt hnitaskrá.
Fylgiskjal 2. Umsókn leyfishafa (án fylgiskjala).

Fylgiskjal 1. Kort af leyfissvæði og hnitaskrá



Hnitaskrá:

Nr.	X _(ISN93)	Y _(ISN93)
1	351932	396501
2	351885	396580
3	352645	397038
4	352696	396954

Fylgiskjal 2.

Undirrituð umsókn Rio Tinto á Íslandi hf., dags. 11. nóvember 2022

Útfyllt umsóknareyðublað, 8. nóvember 2023, án fylgiskjala

Orkustofnun
Orkugarði
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

11.11.2022

Umsókn um nýtingarleyfi grunnvatns

Rio Tinto á Íslandi hf. (hér eftir nefnt ISAL) sækir um nýtingarleyfi grunnvatns til allt að 65 ára á eigin landi sunnan Reykjanesbrautar (Landnúmer: L197313, skjá fylgiskjal). Sótt er um nýtingu á 500 l/s að meðaltali á ári með hámarksnýtingu á hverjum tíma allt að 1090 l/s.

ISAL hefur nýtingarétt grunnvatns á svæðinu en hann er skilgreindur í aðalsamningi Ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse. Grunnvatnið hefur verið nýtt frá því starfsemi hófst í álverinu í Straumsvík árið 1969 og er notað til kælingar á búnaði t.d. rafbúnaði og loftveitu en einnig er það notað til kælingar á áli þegar það er steyppt í bolta. Ástæða umsóknarinnar að þessu sinni er að Aðalsamningurinn mun falla úr gildi á árinu 2024.

Vatnstaka hjá ISAL er úr 7 borholum sunnan Reykjanesbrautar og er úr grunnvatnshloti – Staumsvíkurstraumur (104-265-G). Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 460.000 tonna álframleiðslu, sem gefin var út í maí 2002, er gerð grein fyrir grunnvatnsstraumnum. Talið er að 10-11 m³/s renni til Straumsvíkursvæðisins og þar af renni um 5 m³/s í Straumsvíkina sjálfa. Áhrif vatnstökunnar voru metin fyrir 408 l/s og 1090 l/s. Áhrif af núverandi vatnstöku (408 l/s) voru metin óveruleg og að örlítil lækkun á grunnvatnsborði væri næst borholunum. Áhrif aukinnar vatnstöku á umhverfið eða allt að 1090 l/s voru einnig metin óveruleg en búast má við um 7cm vatnsborðlækkun í rúmlega 6 km fjarlægð frá borholunum sem telst ekki mikil. Forsendur hafa ekki breyst frá því umhverfismatið var gert en þó er ekki gert ráð fyrir jafnmikilli nýtingu á grunnvatni.

Í fylgiskjali 1 má sjá fylgiskjöl með umsókninni.

Virðingarfyllt,


Gaukur Garðarsson
Framkvæmdastjóri viðhaldssviðs
Rio Tinto á Íslandi hf.

Fylgiskjal 1

Fylgiskjöl með umsókn um nýtingarleyfi grunnvatns

Nr.	Skráarheiti	Lýsing efnis fylgiskjals:
1	Matsskýrsla.pdf	Stækkun ISAL í Straumsvík, Mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 460.000 tonna framleiðslu
2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar.pdf	Aðalskipulag Hafnarfjarðar staðfest af Skipulagsstofnun 10.7.2014
3	18543.pdf	Teikning 18543: Vatnsveita, vatnslagnir í Jörðu - yfirlitsmynd
4	7.2 - Land no 197313.pdf	Teikning frá Hafnarfjarðarbæ af umræddu svæði, Umhverfis og tæknisvið
5	Sjóvá Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.pdf	Staðfesting á tryggingum
6	Úrskurður skipulagsstofnunar.pdf	Úrskurður skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
7	A3 viðauki.pdf	Viðauki A3 við Mat á umhverfisáhrifum- Áhrif vatnstöku ISAL á grunnvatnstreymi til Straumsvíkur

Fyllið inn eins og við á:

Umsókn telst ekki fullgerð fyrr en sent hefur verið undirritað umsóknarbréf til Orkustofnunar.

1 UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA
a) Umsóknaraðili

Nafn umsóknaraðila:	Rio Tinto á Íslandi hf
Kennitala umsóknaraðila:	680466-0179
Heimilisfang umsóknaraðila:	Pósthólf 244
Póstnúmer:	222
Sveitarfélag:	Hafnarfjörður
Símanúmer:	560 7000
Tölvupóstfang:	
Nafn forsvarsmanns:	Gaukur Garðarsson

b) Upplýsingar um tengilið sem kemur fram fyrir hönd umsækjanda

Nafn tengiliðar:	Magnús Tryggvason
Vensl við umsækjanda:	Starfsmaður ISAL
Símanúmer:	
Farsímanúmer:	
Tölvupóstfang:	

2 FYRIRHUGAÐ NÝTINGARSVÆÐI
a) Staðsetning nýtingarsvæðis:

Heiti jarða sem nýtingarsvæði er staðsett í:	Land sunnan Reykjanesbrautar við Straumsvík (L197313)
Sveitarfélag (sveitarfélög):	Straumsvík
	Hafnarfjörður

b) Mörk nýtingarsvæðis í hnitakerfi ISN93:

X	Y
351.932.238	396.499.873
351.884.559	396.579.910
352.645.599	397.039.009
352.697.238	396.954.365

(bætið við línun eftir þörfum)

Vegna umsagnarferlis skal fylgja með umsókn kort af fyrirhuguðu nýtingarsvæði ásamt hnitum á mörkum þess.

Kortið skal vera upplýsandi og skýrt þannig að umsagnaraðilar geti gert sér grein fyrir staðhættum og legu svæðis.

(Orkustofnun útbýr endanlegt kort með leyfi, þessi gögn eru hugsuð fyrir yfirferð á umsókn og til notkunar í umsagnarferli)

 Kort í fylgiskjali nr.:
c) Nánari upplýsingar um jarðir á nýtingarsvæði

Heiti og númer jarða (Landnúmer):	Heiti	Landnúmer
A	Straumsvík	L197313
B		
C		

(bætið við línun eftir þörfum)

Upplýsingar um landeigendur /rétthafa nýtingarréttar:

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Eignarhluti jarðar	Samningur um nýtingu (já/nei)
Rio Tinto á Íslandi	680466-0179	Pósthólf 244, Hafnarfjörður	100%	Já

(bætið við línun eftir þörfum)

3 UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGAÐA NÝTINGU

Ath: Óskað er eftir aðskildum upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu á ferskvatni, ísöltu vatni og sjó.

a) Umfang nýtingar og eðli grunnvatns

Meðalnýting á ári [l/s]:	450
Hámarksnýting á hverjum tíma [l/s]:	770
Hitastig vatns [°C]:	4
Selta [%]:	Grunnvatn

Meðalnýting á ári [l/s]:	
Hámarksnýting á hverjum tíma [l/s]:	
Hitastig vatns [°C]:	
Selta [%]:	

Ath: gera þarf grein fyrir öllum borholum á svæðinu, óháð eignarrétti eða nýtingu, sjá flipann "Borholur".

b) Gildistími leyfis

Gildistími sem óskað er eftir [ár]:	30
-------------------------------------	----

c) Nánar um fyrirhugaða nýtingu

(Ef „annað“, þá hvað?)

Tilgangur nýtingar (veljið eitt):	Iðnaður
-----------------------------------	---------

Almennt um tilgang nýtingar:

Grunnvatnið er notað til kælingar á búnaði t.d. á rafbúnaði og loftveitu. Einnig er það notað til kælingar þegar álið er steypt í bolta. Grunnvatnið er nýtt skv. leyfi í Aðalsamningi frá árinu 1966 (sjá fylgiskjöl 12 og 13). Frá 2009 hafa um 20 l/s af vatni sem notað hefur verið til kælingar í aðveitustöð verið endurnýttir á á Golfvelli Keilis. Sjá nánar frétt á vef fyrirtækisins.

<https://www.riotinto.is/?PageID=12&NewsID=239>

Sala til annars dreifiaðila? Ef svo er, tilgreinið magn:	Nei
--	-----

Frekari upplýsingar um heildsölu:	Á ekki við
-----------------------------------	------------

4 SKIPULAGSMÁL

a) Staða skipulags:

Núverandi borholurnar eru á skilgreindu iðnaðarsvæði skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið er í auglýsingu þar sem gert er ráð fyrir núverandi borholum og lögnum (sjá fylgiskjal 14).

	Dags.	Fylgiskjal nr.
Afrit af staðfestu aðalskipulagi	10.7.2014	2
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Í vinnslu	14

b) Umhverfismat (eftir því sem við á):

Fellur fyrirhuguð nýting undir ákvæði laga nr. 111/2021?

Nei

Dags. Fylgiskjal nr.

Álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu	28.10.2002	6
Matsskýrsla	1.5.2002	1

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar í B-flokki		
Tilkynning til Skipulagsstofnunar um framkvæmd		

- c) **Hafa forsendur breyst verulega frá ákvörðun um matsskyldu eða álit um matsskýrslu, sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 111/2021 (ef við á, sbr. b-lið)**
- | |
|---|
| Grunnvatnið er notað nú þegar. Mat á umhverfisáhrifum var gert fyrir 460.000 tonna framleiðslu en forsendur hafa breyst á þann veg að framleiðslumagn verður mun minna eða 230.000 tonn í stað 460.000 tonna og því töluvert minni vatnsnotkun en gert var ráð fyrir í matsskýrslunni og áhrifin eru þar af leiðandi minni. |
|---|

5 FRAMKVÆMDIR TENGDAR NÝTINGU

a) Framkvæmdaáætlun

Áætlað upphaf framkvæmda:

Engar framkvæmdir áætlaðar

Áætluð lok framkvæmda:

Áætlað að hefja rekstur:

Rekstur þegar hafinn

b) Mannvirki

Lýsing á mannvirkjum vegna nýtingar:

Sjö borholur eru á svæðinu sem eru í notkun, dælustöð og vatnsturn ásamt lögnum til ISAL (sjá fylgiskjal 3, teikningu 185431 Vatnsveita)
--

c) Tryggingar

Skila skal staðfestingu á tryggingum með umsókn

Tryggingarfélag eiganda:

Staðfesting í fylgiskjali nr.:

Sjóvá

Fylgiskjal 5

6 UMHVERFISÞÆTTIR

(Vísu má til greinargerða eða samantekta í sérskjölum en tilgreina skal þá nr. fylgiskjals og staðsetningu viðeigandi umfjöllunar (kafla/bls.))

a) Samantekt helstu umhverfisþátta:

Samkvæmt niðurstöðum Vatnaskila eru áhrif nýtingar 408 l/s á grunnvatn: Breyting á grunnvatnshæð - ekki merkjanleg Breyting á grunnvatnsrennsli - ekki merkjanleg Vatnborðslækkun við borholur - örlítil lækkun næst borholunum. Sjá fylgiskjal 1: Matsskýrsla bls 34-35 og 108-109 og fylgiskjal 7: Viðauki A3 - Áhrif vatnstöku Isals hf. Á grunnvatnstreymi til Straumsvíkur Einnig voru áhrif nýtingar miðað við 460.000 tonna framleiðslu metin (1061 l/s) og voru þau metin óveruleg eða 7cm lækkun í um 6 km fjarlægð (sjá bls 108 og 109 í Matsskýrslu)

d) Niðurstöður rannsókna

Tilgreinið eftir því sem við á rannsóknarskýrslur og önnur gögn um auðlind, þ.m.t. vatnsgæfni, áhrif nýtingar, grunnvatnslíkan eða reiknilíkan.

Árið 2002 gerði Verkfræðistofan Vatnaskil mat á áhrifum vatnstöku ISAL á grunnvatnstreymi til Straumsvíkur. Notað var grunnvatnslíkan Vatnaskila af Höfuðborgarsvæðinu. Sjá fylgiskjali 7: Viðauka A3 við matsskýrslu- Áhrif vatnstöku Isals hf. Á grunnvatnstreymi til Straumsvíkur og fylgiskjal 1: Matsskýrsla bls 34-35 og 108-109.

b) Nýting sem fyrir er á svæðinu:

Ekki er vitað um aðra nýtingu á svæðinu en þá sem ISAL er með nú þegar. Vatnsveita Hafnarfjarðar nýtir grunnvatn úr sama grunnvatnshloti í Kaldárbotnum í um 8 km fjarlægð SV af borholum ISAL (Straumsvíkustraumur 104-265-G). Einnig er grunnvatn nýtt úr sama grunnvatnshloti í Vatnsendakrika. Borholur ISAL eru staðsettar sunnan Reykjanesbrautar á skilgreindu iðnaðarsvæði.

e) Möguleg áhrif á nýtingu annarra:

Áhrif nýtingarinnar er lítil en þau má sjá á bls 34-35 og 108-109 í Mati á Umhverfisáhrifum fyrir allt að 460.000 tonna framleiðslu á áli frá árinu 2002 (sjá fylgiskjal 1) og í viðauka A3 við Mat á umhverfisáhrifum (fylgiskjal 7). Nýting ISAL hefur ekki áhrif á nýtingu annarra.

c) Mótvægisáðgerðir og aðrar ráðstafanir:

ISAL hefur nýtt vatn úr borholunum frá því framleiðsla hófst 1969. Stöðugt er leitað leiða til að bæta nýtingu á grunnvatninu svo sem endurnýjun búnaðar, bættri stýringu og endurnýtingu vatns.

d) Önnur leyfi og staða þeirra

Starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi frá 28. október 2021 (sjá fylgiskjal 8) gildistími til 28. október 2037. Þann 7.06.2023 var send umsókn um breytingu á grein 1.2 en sótt er um aukna framleiðsluheimild í 230.000 tonn (fylgiskjal 9 og 10). Umsóknin er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Hafnar- og lóðaleigusamningur frá 1966 (fylgiskjal 12) Samkomulag um stækkun hafnarmannvirkja frá 1995 (fylgiskjal 13)

7 FYLGISKJÖL:

Nr.	Skráarheiti	Lýsing efnis fylgiskjals:
1	Matsskýrsla.pdf	Stækkun ISAL í Straumsvík, Mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 460.000 tonna framleiðslu
2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar.pdf	Aðalskipulag Hafnarfjarðar staðfest af Skipulagsstofnun 10.7.2014
3	18543.pdf	Teikning 18543: Vatnsveita, vatnslagnir í Jörðu - yfirlitsmynd
4	7.2 - Land no 197313.pdf	Land no 197313 sem er í eigu ISAL og eru borholur fyrir grunnvatn sem ISAL nýtir staðsettar innan þessa landsvæðis.
5	Sjóvá Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.pdf	Staðfesting á tryggingum
6	Úrskurður skipulagsstofnunar.pdf	Úrskurður skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
7	A3 viðauki.pdf	Viðauki A3 í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum - Áhrif vatnstöku Isals hf. Á grunnvatnstreymi til Straumsvíkur
8	ISAL starfsleyfi Straumsvík uppfært (1)	Starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi
9	20230607 Breytingar á starfsleyfi_bréf.pdf	Umsókn aukna framleiðsluheimild (grein 1.2 í starfsleyfi) úr 212.000 tonnum í 230.000 tonnum
10	20230607 Breytingar á starfsleyfi_fylgiskjal.pdf	Fylgiskjal með umsókn um aukna framleiðslu úr 212.000 tonnum í 230.000 tonn
11	Breyting á starfsleyfi Rio Tinto Straumsvík_skiplagsstofnun	Álit Skipulagsstofnunar vegna breytingar á starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi úr 212.000 tonnum í 230.000 tonn
12	Hafnar og lóðaleigusamningur.pdf	Í 13 gr. samningsins er nýtingarréttur grunnvatns skilgreindur.
13	Samkomulag um stækkun Hafnarmannvirkja.pdf	Samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Íslenska álfélagsins frá 1995. Í 7. gr. er heimild til að bora viðbótarholur

14	Kapelluhraun, nýtt deiliskipulag	Auglýsing á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni milli iðnaðarhverfis 2. áfanga Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar (L197313)
15	ISAL-ISO_Mörk nýtingarsvæðis.pdf	Teikning af mörkum nýtingarsvæðis

(bætið við línunum eftir því sem við á)